

ingsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga, og má þá veita honum slík réttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmanna skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

15. júní 1998

Nr. 78

LÖG

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996
(eftirlit með meðferð áfengis).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að starfrækja áfengis-eftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.